**vind·ur** *kk – hestur* [-s, -ar]

– það er alltaf vindur á Íslandi

‡ vindr

**not·a** *so vb-a – kalla* [-aði]

– má ég nota hárþurrkuna þína?

‡ njóta • notkun

**mun·a** *so vb-i – heyra* [-di]

– ég man ekki hvað hann heitir

‡ • minna, minni, minning « gleyma

**ljós** *hk – hús* [-s, -]

– viltu kveikja ljósið?

‡ • ljós (lo), ljóshærður, augljós, óljós; lýsa » birta (no)

**próf** *hk – hús* [-s, -]

– verður þetta erfitt próf?

‡

**frjáls** *lo – gulur 0* [-, -t; -ari, -astur]

– mér finnst ég frjáls eins og fuglinn

‡ » laus

**horn** *hk – hús* [-s, -]

– búðin er á næsta horni

‡

**ungling·ur** *kk – hestur* [-s, -ar]

– margir unglingar hittast í bænum um helgar

‡ • ungur

**þjón·n** *kk – hestur S* [-s, -ar]

– þjónn, það er fluga í súpunni!

‡ • þjóna, lögregluþjónn, þjónusta

**frek·ur** *lo – gulur* [-, -t; -ari, -astur]

– mikið er þetta frekt barn!

‡ • frekar

**helg·i** *kv – nál* [-ar, -ar]

– góða helgi!

**útlönd** *hk ft – hús*

– þau fara alltaf til útlanda á sumrin

‡ útlǫnd • út, land, útlendingur, útlendur

**ost·ur** *kk – hestur* [-s, -ar]

– viltu ost á brauðið?

‡ ostr

**skál** *kv – nál* [-ar, -ar]

– kisa lepur mjólk úr skálinni

‡

**föl·ur** *lo – gulur* [-, -t; -ari, -astur]

– þú ert svo fölur í dag

‡ fǫlr

**pils** *hk – hús* [-, -]

– stelpurnar voru í stuttum pilsum

‡ pilz/pillz